



## Breyting á aðalskipulagi Almenn ákvæði og leiðréttingar

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggur til eftirfarandi breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023: Við kafla 4.1.3 Byggingarlist og mannvirkjagerð bætist almennt ákvæði um svigrúm til framkvæmda á fullbyggðum svæðum sbr. eftirfarandi greinargerð.

### 1. Tilefni

Í skilmálatöflum aðalskipulagsins eru nokkur svæði sögð fullbyggð og skipulagsákvæði „óbreytt“. Þar er fyrst og fremst átt við að viðkomandi svæði séu fullmótud og frágengin. Tilgangur með aðalskipulagsákvæðum er ekki að koma í veg fyrir eðlega þróun og endurnýjun byggðar, þar með talið á „fullbyggðum“ eða „óbreyttum“ svæðum. Þess vegna er talin ástæða til þess að setja sérstök ákvæði, sem eiga við almennt um byggingar og breytingar á fullbyggðum svæðum.

Svæðin sem um ræðir eru þessi (auk fjallaskála skv. kafla 4.13.1 en um þá eru sérstök ákvæði), sjá einnig kafla 3, Leiðréttingar:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
114-Íb	2,7	Reykjahlið	Fullbyggt.	Óbreytt
102-S	0,1	Reykjahlið	Reykjahliðarkirkja	Fullbyggt
206-S	0,03	Skútustaðir	Skútustaðarkirkja	Fullbyggt
342-S	1,6	Ytri- Neslönd	Fuglasafn Sigurgeirs Stefánssonar og tilheyrandi bílastæði. Fullbyggt	
204-V	0,8	Skútustaðir 2 sunnan þjóðveggar	Hótel og þjónusta. Fullbyggt. Deiliskipulag liggur ekki fyrir	Hótel eða önnur gisti- aðstaða ásamt tilheyrandi þjónustu. Fullbyggt.

### 2. Breyting

Ekki verður gerð breyting á skilmálum einstakra svæða en við kafla 4.1.3 Byggingarlist og mannvirkjagerð bætist eftirfarandi ákvæði sem fimmta málsgrein:

Með fullbyggðum svæðum eða svæðum sem skulu vera óbreytt er átt við fullmótud og frágengin svæði. Þar verður heimilt auk eðlilegrar endurnýjunar og endurbyggingar bygginga og mannvirkja að reisa viðbyggingar og nýbyggingar s.s. bílskúra, þar sem aðstæður leyfa og í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

### 3. Leiðréttingar

Eftirfarandi atriði verða leiðrétt. Annars vegar er um að ræða uppsetningu ákvæða í viðkomandi töflu þar sem skipulagsákvæði eru í röngum dálki og hins vegar augljósa villu sem leiðrétt er til samræmis við önnur svæði þar sem gert er ráð fyrir nýbyggingum.

#### Gildandi skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
342-S	1,6	Ytri- Neslönd	Fuglasafn Sigurgeirs Stefánssonar og tilheyrandi bílastæði. Fullbyggt	
300- I		Hólasandur	Tengivirki	Óbreytt

#### Leiðrétt skipulag

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
342-S	1,6	Ytri- Neslönd	Fuglasafn Sigurgeirs Stefánssonar og tilheyrandi bílastæði.	Fullbyggt
300- I		Hólasandur	Tengivirki. Óbyggt	Uppbygging skv. deiliskipulagi

### 4. Áhrifamat

Breytingin er gerð til þess að koma í veg fyrir að orðalag skipulagsákvæða komi í veg fyrir eðlega þróun byggðar og valdi óeðlilegum töflum við afgreiðslu einfaldra og sjálfsagðra mála. Breytingin hefur að því leyti jákvæð áhrif á samfélagið en engin á náttúrufer, þ.e. landslag, gróður og dýralíf. Leiðréttingar eru eðli máls samkvæmt áhrifalausar.

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem hlotið hefur málsmeðferð skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var auglýst frá og með 28.03.2014 til og með 09.05.2014, var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps þann 25.06.2014



Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann 23/7'14

*Hafdis Hafliðadóttir*  *Guðrún H. Gunnarsdóttir*

6. nóvember 2013

**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**  
GYLFI GUÐJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
arkitektar fa